


Fullorðnir þurfa líka á bólusetningu að halda!



Eftir því sem við verðum eldri getur ónæmi okkar frá fyrri bólusetningum minnkað. Þar af leiðandi getur hættan á ákveðnum sjúkdómum komið aftur.

Örvunarbóluefni geta hjálpað til við að viðhalda vörnum gegn sjúkdómum eins og stífkrampa, barnaveiki og kíghósta.



Verndaðu þig og aðra með því að fá bólusetningu!



Skannaðu QR kóðann til að fá frekari upplýsingar á Evrópsku upplýsingagáttinni um bólusetningar
vaccination-info.europa.eu/en

Hvernig vernda bóluefnin okkur alla ævi?



Bóluefni geta verndað þig og aðra gegn alvarlegum sjúkdómum og fylgikvillum þeirra. Ekki bara í æsku heldur alla ævi.



EVROPSKA UPPLÝSINGA-
GÁTTIN UM BÓLUSETNINGU
Stofnuð að frumkvæði Evrópusambandsins



Bólusetning á meðgöngu

Ónæmiskerfi einstaklingsins er veikara á meðgöngunni,
sem eykur hættuna á ýmsum sjúkdómum.

Að fá bólusetningu á meðgöngu getur
verndað bæði móður og barn gegn
sjúkdómum eins og flensu og kíghósta.

Ferðalög og bólusetning

Ferðalög geta leitt til sjúkdóma sem eru ekki
algengir í heimalandi þínu. Hafðu samband við
heilbrigðisstarfsmann áður en þú ferð og vertu viss
um að þú fáir þau bóluefni sem þarf á áfangastað.



Að byggja upp samfélagsónæmi



Þegar mikill fjöldi
fólks fær bólusetningu
getur það skapað
„samfélagsónæmi“ og
komið í veg fyrir útbreiðslu
alvarlegra sjúkdóma.

Samfélagsónæmi verndar þá
sem ekki er hægt að bólusetja,
svo sem börn sem eru of ung til
að fá bólusetningu og fólk með
ákveðna sjúkdóma. Þetta er
önnur góð ástæða til að halda
áfram bólusetningum þínum alla
fullorðinsárin.